

## SKILMÁLAR RAFRÆNNA GJAFAKORTA HAGA HF.

### 1. Um gjafakort Haga

Gjafakortið er fyrirframgreitt rafrænt greiðslukort. Gjafakortið gildir til greiðslu á vörum og þjónustu hjá dótturfélögum Haga hf., kt. 670203-2120, vsk.nr. 78874 (sjá nánar hér: <https://www.hagar.is/fyrirtaekin/>). Gjafakortið er eign Haga hf. og eru kortin gefin út í samstarfi við Landsbankann hf.

Gjafakortið er hægt að kaupa á skrifstofu Haga hf., Holtavegi 10 (Holtagörðum) í Reykjavík, s. 530-5500 eða á [gjafakort@hagar.is](mailto:gjafakort@hagar.is).

Gjafakortið er handhafakort og er handhafi einn ábyrgur fyrir kortinu. Varðveitið kortið því glatað kort er glatað fé.

### 2. Upphæðir og áfylling korta

Upphæð á gjafakorti er val kaupanda hverju sinni. Lágmarksupphæð er kr. 5.000,- og hámarksupphæð er kr. 200.000,-. Hægt er að kaupa áfyllingu á gjafakort sem búið er að nota.

### 3. Vöruskil og endurgreiðsla

Gjafakorti er ekki hægt að skila. Inneign kortsins er ekki hægt að leysa út fyrir reiðufé.

### 4. Gildistími og kortastaða

Gildistími kortsins er fjögur ár frá útgáfudegi. Upplýsingar um kortastöðu má finna á [www.hagar.is/gjafakort](http://www.hagar.is/gjafakort) og á vef Landsbankans með skönnun á QR kóða kortsins.

### 5. Persónuvernd

Hagar biðja aðeins um þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að geta selt viðskiptavinum gjafakortið. Öll meðferð persónuupplýsinga af hálfu Haga er í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Persónuverndarstefnu Haga má finna [hér](#).

### 6. Samþykki skilmála

Með fyrstu notkun á gjafakorti Haga hf. samþykkir handhafi skilmála þessa.

Reykjavík, 10. nóvember 2023